





Kennsluefni um hugmyndafræði

Floorbooks í leikskólastarfi.

2021 - 2024



Claire Warden



Umsjónamaður skv. Umsókn

Lóa Baldvinsdóttir

Ábyrgðarmaður skv. Umsókn

Bjarney Magnúsdóttir

Umsjónarmaður

Ásta Björk Guðnadóttir

Ábyrgðarmaður

Halldóra Björk Halldórsdóttir

Markmið verkefnis

Vorið 2021 fengum við úthlutað 600 þúsund krónum til að þýða námsefni um Floorbooks, kennsluaðferð sem við höfum verið að innleiða í skólann undanfarin ár.

Markmiðið með þýðingunni var að

- Að hjálpa nýráðnum starfmönnum á Kirkjugerði að skilja grundvallarpætti í hugmyndafræði floorbooks, þannig að þeir öðlist fljótt þekkingu á floorbooks og verði þar af leiðandi öruggir að með hugmyndafræðna í hópastarfi. Einnig að dýpka þekkingu starfsmanna sem nú þegar eru að vinna með floorbooks í hópastarfi.
- Að kynna fyrir foreldrum barna á Kirkjugerði hugmyndafræði floorbooks þegar verkefninu lýkur.
- Að kynna hugmyndafræði floorbooks fyrir kennarahópum sem koma í skólaheimsóknir á Kirkjugerði.
- Að kynna og kenna hugmyndafræðina á vettvangi leikskólasamfélagsins á landsvísu í þeim tilgangi að fjölga þeim leikskólum sem vilja innleiða hugmyndafræði floorbooks í hópastarfi.
- Að skipta enska orðinu floorbooks út fyrir íslenskt orð sem jafnframt er lýsandi fyrir fyrirbærið.

Leiðir til að ná markmiðinu

Áætlað var að kaupa út að hluta þjónustu vegna þýðingar á kennsluefninu, ásamt aðkomu umsjónarmanns og ábyrgðaraðila af þýðingu að hluta og yfirumsjón með verkinu frá A-Ö.

Áætlað var að vinna við þýðingu verði lokið í desember 2021 og þá yrði hægt að búa verkefnið til prentunar.

Kynningar á hugmyndafræðinni og kennsla verður alfarið á höndum umsjónarmanns og ábyrgðaraðila verkefnisins.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun

Þó nokkrar hindranir urðu á verkefninu. Upphaflegir umsjónar og ábyrgðarmenn hættu störfum hjá Kirkjugerði áður en vinna við verkefnið hófst. Þá hafði Covid einnig mikil áhrif á vinnuna þar sem skólaárið 2021 – 2022 fór að miklu leyti í vinnu við að fylgja Covid takmörkunum. Beðið var um frest á skilum vegna þessara þátta.

Þegar vinnan hófst við að fá tilboð frá utanaðkomandi aðilum, kom fljótlega í ljós að ekki var til fjármagn til að kaupa eins mikla vinnu út og upphaflega stóð til. Upphaflega átti að reyna að vinna þýðinguna innan vinnutíma, en fljótlega kom í ljós að tími gafst ekki til þess. Ákveðið var að núverandi umsjónarmaður og ábyrgðarmaður myndu taka að sér vinnuna við þýðingu og uppsetningu utan vinnutíma og fengju laun fyrir það.

Í umsókninni var einnig talað um að finna íslenskt nafn á verkefnið, en eftir miklar vangaveltur var tekin ákvörðun um að halda okkur við Floorbooks nafnið, enda nafnið orðið nokkuð fast í okkar starfi og ekki fannst viðeigandi nafn á íslensku.

Mat á verkefninu – Afrakstur og ávinningur fyrir skólastarf.

Verkefnið tókst vel og sjáum við fram á að þýðingin muni hafa mikil áhrif á starfið hjá okkur. Þá sérstaklega þar sem starfsmannavelta hefur verið mikil eins og gengur og gerist í leikskólastarfi á landinu öllu.

Við sjáum fram á að námsefnið muni nýtast vel, bæði fyrir nýtt starfsfólk og einnig þegar við höldum upprifjunarnámskeið fyrir eldra starfsfólk á næsta skólaári.

Ráðstöfun styrks

Þýðing – Laun	420.000 kr.
Yfirlestur á þýðingu – Aðkeypt ráðgjöf	125.000 kr.
Uppsetning	55.000
Samtals	600.000 kr.

Ásta Björk G.

Ásta Björk Guðnadóttir – Umsjónarmaður

Haldóra B. Halldórsd.

Haldóra Björk Halldórsdóttir – Ábyrgðarmaður

Eyja Bryngeirsd.

Eyja Bryngeirsdóttir - Skólastjóri

The first part of the document is a letter from the Secretary of the State of Alaska to the Governor, dated June 1, 1964. The letter discusses the proposed changes to the Alaska Constitution and the need for a constitutional convention.

The second part of the document is a report from the Alaska Constitutional Convention, dated June 1, 1964. The report discusses the progress of the convention and the proposed changes to the Alaska Constitution.

Approved: _____
Secretary of the State of Alaska

Approved: _____
Governor of the State of Alaska

[Handwritten Signature]
Secretary of the State of Alaska

[Handwritten Signature]
Governor of the State of Alaska

[Handwritten Signature]
Secretary of the State of Alaska